



Kennari: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni:

Sýklafræði eftir Boga Ingimarsson, lðnú

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfispætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
1. vika 6.1	Kynning á námsefni. Almennt um sýkla	1.kafli
2. vika 10.-14.1	Almennt um sýkla	1.kafli
3. vika 17.-21.1	Sýkingar	2. kafli
4. vika 24.1- 28.1	Almennar varnir manna gegn sýkingum	3. kafli

5. vika 31.1-4.2	Sóttvarnir	4. kafli
6. vika 7.2-11.2	Sýklalyf	5. kafli
7. vika 14.2-18.2	Ónæmiskerfið	6.kafli
8. vika 21.2-25.2	Verknám	
9. vika 28.2.-4.3	Verknám	
10. vika 7.3.-11.3	Verknám	
11 vika 14.3-18.3	Bólusetningar/ónæmisaðgerðir	7.kafli
12. vika 21.3-25.3	Veirur	8.kafli
13.vika 28.3-01.4	Bakteríur / sveppir	9.Kafli
14. vika 4.4-8.4	Bakteríur/Sveppir	9.kafli
15.vika 11.4 – 20.4	Páskafrí	
20.4- 22.4	Sveppir	

16.vika 25.4.-29.04	Sníkjudýr 10.kafli	
02.5-06.5	Upprifjun	

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að hafa mætingu samkvæmt mætingarreglum skólans, vinna vel í tímum og svara spurningum eftir hvern kafla til að fá próftökurétt.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf í próftöflu		60%
Virkni, mæting og skil á spurningum	Virkni í tímum, mæting í tíma og vinna og yfirferð á spurningum eftir hvern kafla. Og verkefni	40%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.